

# SIÐANEFND BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Mál nr. 11/2021-2022.

**Kærandi:** Yoshihiko Iura.

**Kærðu:** Ritstjórn Morgunblaðsins/Orrí Páll Ormarsson

**Kæruefni:** Viðtal/grein í Morgunblaðinu þann 19. (prentmiðli) og 20. febrúar 2022 (Netmiðli), meðal annars um vinnu- og viðbrögð kæranda við heilablóðfalli júdíðkanda.

**Málsmeðferð:**

Málið var kært til Siðanefndar með tölvupósti þann 19. apríl 2022. Siðanefnd tók málið fyrir á fundum sínum þann 26. apríl, 17. maí og 31. maí 2022.

**Umfjöllun:**

Í 6. gr. siðareglna félagsins segir að hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið siðareglur geti kært ætlað brot til Siðanefndar, en áður skuli hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Ekki verður talið að kærandi hafi uppfyllt skilyrði siðareglna um að leita leiðréttingar mála sinna hjá fjölmiðlinum, þrátt fyrir að hafa sent Morgunblaðinu tölvupóst með tveimur fyrirspurnum um greinina. Hvergi í tölvupóstinum er að sjá að beðið hafi verið um beina leiðréttingu á þeim fjölmörgu atriðum sem kærandi telur upp í kærðu sinni til Siðanefndarinnar. Eins og áskilið er í reglunum er Siðanefnd því nauðugur sá kostur einn að vísa málinu frá án frekari umfjöllunar.


**Úrskurður:**

Máli 11/2021-2022 er vísað frá Siðanefnd.

Reykjavík, 31. maí 2022.

  
Hjörtur Gíslason

  
Ásgeir Þór Árnason

  
Fanney Birna Jónsdóttir

  
Friðrik Þór Guðmundsson

  
Emma Björg Eyjólfsdóttir